

08. apríl 2022

Mat á fjárhagsmálefnum og tryggingum Rafmenntar ehf vegna umsóknar um viðurkenningu sem einkarekinn framhaldsskóli.

Viðurkenning ráðherra skv. 1. mgr. 12. mgr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 skal meðal annars byggjast á mati á „fjárhagsmálefnum og tryggingum“, sbr. staflíð j.

Í reglugerð nr. 426/2010, sem sett er með stoð í 12. gr. laganna er kveðið nánar um þennan þátt í viðurkenningu. Samkvæmt reglugerðinni skal umsækjandi leggja fram upplýsingar um „staðfestingu á því hvernig fjárhagslegri ábyrgð sé háttað og hvernig fjárhagslegt rekstraröryggi skólans sé tryggt. Ráðuneytið getur krafist bankatryggingar sem samsvarar rekstrarfjárhæð skólans fyrir eina önn.“

Í leiðbeiningum á vef Menntamálastofnunar kemur fram að með umsókn skuli leggja fram eftirfarandi gögn eða upplýsingar um fjárhag á þann hátt sem nánar er greint frá á vef stofnunarinnar:

1. Fjárhagsáætlun skólans fyrir yfirstandandi rekstrarár. Áætlunin skal sýna fjárhæðir tekna og gjalda, áætlað sjóðstreymi og breytingu á eignum og skuldum.
2. Fjárhagsáætlun fyrir næstu þrjú ár sem endurspeglir stefnumörkun stjórnar skólans.
3. Á hverju ári skal skóli skila inn ársreikningi til Menntamálastofnunar sem áritaður er af löggiltum endurskoðanda án fyrirvara.

Við mat á staðfestingu á fjárhagslegri ábyrgð og hvernig rekstraröryggi er tryggt er byggt á eftirfarandi gögnum:

- Umsókn um viðurkenningu Rafmenntar ehf sem einkaskóla.
- Ársreikningi Rafiðnaðarskólans árið 2018 með samanburðartölum frá 2017, sundurliðunum, skýrslu stjórnar og áritun endurskoðanda.
- Ársreikningi Rafmenntar ehf fyrir árið 2019 með samanburðartölum frá 2018, sundurliðunum, skýrslu stjórnar og áritun endurskoðanda.
- Ársreikningi Rafmenntar ehf árið 2020 með samanburðartölum frá 2019, sundurliðunum, skýrslu stjórnar en án undirritunar endurskoðanda.
- Fjárhagsáætlun Rafmenntar ehf 2022-2024.

Könnun og mat á því hvernig fjárhagslegri ábyrgð er háttað.

1) Samkvæmt fyrirtækjaskrá, á vef ríkisskattstjóra var Rafmennt ehf (5901042050) stofnaður/skráður 19.01.2004 sem einkahlutafélag og flokkaður samkvæmt ÍSAT í 85.59.0 Önnur ótalin fræðslustarfsemi

2) Könnun á því hvernig fjárhagslegt rekstraröryggi starfseminnar verður tryggt

Rekstur og rekstarafkoma

3) Eftirfarandi tafla lýsir þróun helstu rekstrarstærða skólans á undanförunum árum og áætlun 2018-2022:

| Millj.kr. | Áætlun 2024 | Áætlun 2023 | Áætlun 2022 | Áætlun 2021 | Ársreikn 2020 | Ársreikn. 2019 | Ársreikn 2018 |
|----------------|-------------|-------------|-------------|-------------|---------------|----------------|---------------|
| Rekstrartekjur | 427 | 417 | 407 | 387 | 323 | 306 | 209 |
| Rekstargjöld | -342 | -333 | -325 | -310 | -301 | -294 | -212 |
| Rekstrarafkoma | 85 | 83 | 81 | 77 | 21 | 11 | -3 |

| | | | | | | | |
|----------------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|----------|-----------|
| Afskriftir | 6,8 | 6,5 | 6,3 | 5,9 | 6,3 | 6,9 | 1,2 |
| Fjármagnsliðir | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,14 | -0,01 | 0,1 |
| Afkoma | 78 | 77 | 75 | 71 | 15 | 4 | -4 |

Rafmennt ehf einkahlutafélag og starfar samkvæmt lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994 og takmarkast ábyrgð hluthafa við hlutafé. Hlutafé er kr. 500.000 Hluthafar eru 2 Rafiðnaðarsamand Íslands og Samtök rafverktaka með helmingshlut hvort. Fjárhagsleg staða skólans er sterk, engar langtímaskuldir eru áhvílandi og lausafjárstaða er góð.

4) Fyrirliggjandi gögn, ársreikningar, áætlanir og skýringar benda til stöðugs rekstrar.

Veltufjárhlutfall

5) Veltufjárhlutfall skólans hefur farið hækkandi. Almennt er miðað við að hlutfallið þurfi að vera yfir 1,0 því lægra hlutfall er vísbending um greiðsluferfiðleika.

| Millj.kr. | Áætlun 2022 | Áætlun 2021 | 31.12.2020 | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|-------------------|----------------|----------------|------------|------------|------------|
| Veltufjármunir | 64 | 61 | 97 | 24 | 37 |
| Skammtímaskuldir | 60 | 58 | 93 | 53 | 42 |
| Veltufjárhlutfall | 1 | 1 | 1 | 0,6 | 1 |

Eiginfjárstaða

6) Eiginfjárhlutfall er jákvætt öll ár sem ársreikningar fylgja.

| Millj.kr. | Áætlun 2022 | Áætlun 2021 | 2020 | 2019 | 2018 |
|---------------------------|----------------|----------------|------|------|------|
| Eigið fé í árslok (Ef) | 176 | 101 | 30 | 11 | 6 |
| Eignir | 94 | 90 | 122 | 53 | 42 |
| Eiginfjárhlutfall | 187% | 112% | 24% | 21% | 15% |

Samkvæmt gögnum sem umsækjandi lagði fram í umsóknarferlinu s.s. útfyllt excel skjal og skjal með upplýsingum um fjármál umsækjanda ásamt ársreikningum 2018-2020 og fjárhagsáætlun 2022-2024 er það mat MMS að fjárhagsleg staða umsækjanda muni ekki standa í vegi fyrir að skólinn geti fengið viðurkenningu sem einkarekinn framhaldsskóli að því gefnu að allar forsendur sem gefnar eru í fjárhagsáætlun standi. Það er mat mitt sem fjármálastjóra að fjárhagsleg áhætta sé lítil þar sem afkoma skólans er góð og ekki talið að fjárhagsleg staða hafi áhrif á að nemendur geti lokið námi sínu.

Helga Óskarsdóttir
Fjármálastjóri